

## **37. Fundur bæjarráðs Blönduósþæjar miðvikudaginn 19. október 2011, kl. 15:00.**

**Formaður bæjarráðs, Kári Kárason setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.**

---

### **Dagskrá:**

- 1. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2011**
  - 2. Fjárhagsáætlun 2012**
  - 3. Ípróttamiðstöð**
  - 4. Fundargerðir:**
    - a) Menningarráðs Norðurlands vestra frá 27. september 2011**
  - 5. Þjónustusamningur milli Blönduósþæjar og Markaðsstofu ferðamála á Norðurlandi**
  - 6. Bréf frá Lex lögmannsstofu vegna Kleifa dags. 10. október 2011**
  - 7. Skólavist utan lögheimilissveitarfélags**
  - 8. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 29. september 2011**
  - 9. Önnur mál**
- 

### **Afgreiðslur:**

- 1. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2011**

*Fjármálastjóri mætti á fundinn og kynnti drög að endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2011.*

*Bæjarráð vísar endurskoðaðri fjárhagsáætlun til næsta bæjarstjórnarfundar.*
- 2. Fjárhagsáætlun 2012**

*Fjármálastjóri kynnti gildandi gjalskrár sveitarfélagsins.*
- 3. Ípróttamiðstöð**

*Bæjarstjóri lagði fram minnisblað vegna skipulagsbreytingar í Ípróttamiðstöð Blönduósþæjar. Umræður urðu um málið. Bæjarráð samþykkir umræddar tillögur og felur bæjarstjóra innleiða breytingarnar í samráði við starfsmenn Ípróttamiðstöðvar.*
- 4. Fundargerðir:**
  - a) Menningarráðs Norðurlands vestra frá 27. september 2011**

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

*Menningarráð Norðurlands vestra óskar eftir því að sveitarstjórnir á starfsvæðinu taki til afgreiðslu nýjan samstarfssamning sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um menningarmál. Nýr samningur mun gilda árin 2011-2013 sem er sami gildistími og núverandi menningarsamningur við ríkið. Bæjarráð samþykkir samninginn. Forseti bæjarstjórnar mætir fyrir hönd Blönduósbæjar og ritar undir samninginn.*

**5. Þjónustusamningur milli Blönduósbæjar og Markaðsstofu ferðamála á Norðurlandi**

*Með bréfi 28. september sl. sagði Blönduósbær upp samstarfi sínu við Markaðsskrifstofu ferðamála á Norðurlandi.*

*Lagt fram til kynningar.*

**6. Bréf frá Lex lögmannsstofu vegna Kleifa dags. 10. október 2011**

*Í bréfi LEX fylgir greinargerð um framtíðaráform ábúenda á Kleifum til bæjaryfirvalda á Blönduósi.*

*Bæjarráð ítrekar uppsögn á byggingabréfinu og er tilbúið til viðræðna í samræmi við þá stefnumörkun sem kemur fram í aðalskipulagi Blönduósbæjar 2010-2030.*

**7. Skólavist utan lögheimilissveitarfélags**

*Fært í trúnaðarbók.*

**8. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 29. september 2011**

*Í bréfinu er að finna hvatningu til sveitarstjórna á landinu að gefa jafnréttismálum kynjanna í sveitarfélaginu meiri gaum.*

*Lagt fram til kynningar.*

**9. Önnur mál**

**a) Fundargerð stjórnar SSNV frá 4. október 2011**

*Bæjarráð vill taka undir bókun SSNV þar sem SSNV lýsir yfir andstöðu við áframhaldandi stórfelldan niðurskurð á fjárframlögum til heilbrigðisstofnana á Norðurlandi vestra sem kynnt er í frumvarpi til fjárlaga árið 2012.*

*Bæjarráð hvetur ráðuneytið að endurskoða boðaðan niðurskurð á heilbrigðisstofnunum á Norðurlandi vestra.*

**b) Úthlutun lóðar**

Á fundi skipulags,- byggingar- og veitunefndar frá 18. október sl. var tekin fyrir umsókn Veiðifélags Laxár á Ásum um lóð undir veiðihús í landi Hnjúka (Blönduósbær) og byggingarleyfi fyrir 1. áfanga. Fyrirhuguð bygging er í 2 áfanga, 1. áfangi er 192 fermetrar með mögulegri stækkun síðar í 327,6 fermetra. Nefndin samþykkti fyrir sitt leyti úthlutun lóðarinnar.

Bæjarráð samþykkir úthlutun umræddrar lóðar og afgreiðslu skipulags,- byggingar- og veitunefndar með fyrirvara um að Skipulagsstofnun samþykki breytingar á aðalskipulagi.

**c) Bréf frá Hesteigendafélagi Blönduóss frá 10. október 2011**

Í bréfinu er óskað eftir upplýsingum um í hvaða farvegi landmat á beitarhólfum sé í sveitarfélaginu. Bæjarstjóri upplýsti að drög að landmati liggja fyrir. Bæjarráð felur bæjarstjóra og tæknideild að boða forsvarsmenn Hesteigendafélags Blönduóss á fund til að kynna niðurstöðurnar.

*Fundargerð upplesin og samþykkt.*

*Fundi slitið 18:20*

*Kári Kárason (sign.)  
Oddný María Gunnarsdóttir(sign.)  
Heiðrún Bjarkadóttir(sign.)*

*Arnar Þór Sævarsson (sign.)*